

Mánudaginn 3. október 1960.

Nr. 132/1959. **Samvinnufélagið Björg**

gegn

**Ágúst Fjeldsted f. h. Eyfinn Duurhus,  
Skeggja h.f. og Njáli Gunnlaugssyni og  
Skeggi h/f**

gegn

**Samvinnufélaginu Björg, Ágúst Fjeldsted  
f. h. Eyfinn Duurhus og Njáli Gunnlaugssyni.**

Útivist. Ómaksbætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Samvinnufélagið Björg, og gagnáfrýjandi, Skeggi h.f., er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til rikissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir in solidum stefnda Ágúst Fjeldsted f. h. Eyfinn Duurhus, sem hefur sótt dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 2000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---